

## REGLUGERÐ

### um (19.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/62/EB, frá 20. júní 2008, sem vísað er til í III. kafla I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2009, frá 18. mars 2009, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, I. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Ofangreind tilskipun framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Efnisákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/62, þó ekki efnisákvæði um útsæðis-kartöflur, falla undir A. hluta í nýjum X. viðauka reglugerðar nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

4. gr.

Efnisákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/62 er varða markaðssetningu útsæðis-kartaflna gilda ekki hérlendis.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. desember 2009.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/62/EB**

frá 20. júní 2008

**um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem eru náttúrulega löguð að stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og um setningu fræs og útsæðiskartaflna af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs<sup>(6)</sup>, einkum b-lið 1. mgr. 27. gr.,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja<sup>(1)</sup>, einkum b-lið 1. mgr. 22. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns<sup>(2)</sup>, einkum b-lið 1. mgr. 22. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði<sup>(3)</sup>, einkum 4. gr (6. mgr.), 20. gr. (2. mgr.) og 21. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs<sup>(4)</sup>, einkum b-lið 1. mgr. 30. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/56/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu útsæðiskartaflna<sup>(5)</sup>, einkum 1. mgr. 10. gr. og b-lið 1. mgr. 27. gr.,

1) Spurningar um líffræðilega fjölbreytni og varðveislu erfðaaúðlinda plantna hafa fengið meira vægi undanfarin ár eins og mismunandi þróun á alþjóðavettvangi og á vettvangi Bandalagsins gefur til kynna. Dæmi um slíkt eru ákvörðun ráðsins 93/626/EBE frá 25. október 1993 um gerð samnings um líffræðilega fjölbreytni<sup>(7)</sup>, ákvörðun ráðsins 2004/869/EB frá 24. febrúar 2004 um gerð alþjóðlegs sáttmála fyrir hönd Evrópubandalagsins um erfðaaúðlindir plantna á sviði matvæla og landbúnaðar<sup>(8)</sup>, reglugerð ráðsins (EB) nr. 870/2004 frá 24. apríl 2004 um áætlun Bandalagsins um varðveislu, lýsingu á eiginleikum, söfnun og nýtingu erfðaaúðlinda í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1467/94<sup>(9)</sup> og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Byggðaþróunarsjóðs ESB í landbúnaði (EAFRD) við byggðaþróun í dreifbýli<sup>(10)</sup>. Setja skal sérstök skilyrði samkvæmt löggjöf Bandalagsins um markaðssetningu á fræi nytjaplantna í landbúnaði, nánar tiltekið samkvæmt tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/53/EB, 2002/54/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB, svo að taka megí tillit til þessara atriða.

2) Til þess að tryggja varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðaaúðlinda plantna skal rækta og markaðssetja staðaryrki og yrki sem eru náttúrulega aðlöguð stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar (varðveisluyrki), jafnvel þótt þau uppfylli ekki almennar kröfur að því er varðar samþykki fyrir yrkjum og markaðssetningu fræs og útsæðiskartaflna. Til að ná megí því markmiði er nauðsynlegt að kveða á um undanþágur, að því er varðar samþykki fyrir varðveisluyrkjum, svo að unnt sé að bæta þeim á landskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði og framleiða og markaðssetja fræ og útsæðiskartöflur þessara yrkja.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/72/EB (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 37).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/55/EB (Stjtið. ESB L 159, 13.6.2006, bls. 13).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1829/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 60. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/908/EB (Stjtið. ESB L 329, 16.12.2005, bls. 37).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 309, 13.12.1993, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 378, 23.12.2004, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 18.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 146/2008 (Stjtið. ESB L 46, 21.2.2008, bls. 1).

- 3) Þessar undanþágur skulu varða efnislegar kröfur um samþykki fyrir yrki og þær kröfur um málsmeðferð sem kveðið er á um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdaráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði<sup>(1)</sup>.
- 4) Aðildarríkin skulu einkum hafa heimild til að samþykkja eigin ákvæði að því er varðar aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni. Að því er varðar aðgreinanleika og stöðugleika skulu þessi ákvæði a.m.k. grundvallast á þeim eiginleikum sem eru tilgreindir í tæknilega spurningalista-num, sem umsækjanda ber að fylla út í tengslum við umsókn um samþykki fyrir yrkinu, eins og um getur í I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB. Ef einsleitni er fastsett á grundvelli fráviksgerða (off-types) skulu ákvæðin byggð á skilgreindum stöðlum.
- 5) Kveða skal á um kröfur um málsmeðferð þannig að unnt sé að samþykkja yrki án opinberra athugunar. Enn fremur er nauðsynlegt, að því er heiti varðar, að kveða á um tilteknar undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/53/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000 frá 4. maí 2000 um setningu framkvæmdarákvæða um hvort nafngiftir eigi við um yrki af tegundum nytjajurta í landbúnaði og tegundum matjurta<sup>(2)</sup>.
- 6) Kveða skal á um undanþágu frá opinberri vottfestingu að því er varðar framleiðslu og markaðssetningu fræs og útsæðiskartaflna varðveisluyrkja.
- 7) Til þess að tryggja að markaðssetning fræs og útsæðiskartaflna varðveisluyrkja fari fram í tengslum við varðveislu á erfðaauðlindum plantna skal kveða á um takmarkanir, einkum að því er varðar upprunasvæði. Til þess að stuðla að varðveislu á staðnum og sjálfbærri notkun þessara yrkja skulu aðildarríkin eiga kost á að samþykkja viðbótarsvæði þar sem unnt er að markaðssetja fræ í meira magni en nauðsynlegt er til að tryggja varðveislu yrkis á upprunastað sínum, að því tilskildu að þau viðbótarsvæði séu sambærileg að því er varðar ósnortið og lítt snortið land Til þess að tryggja að tengingin við upprunasvæðið varðveitist á þetta ekki við ef aðildarríki hefur samþykkt viðbótarframleiðslusvæði.
- 8) Ákveða skal vegna markaðssetningar hámarks-magn af hverju varðveisluyrki innan tegundarinnar og samanlagt heildarmagn allra varðveisluyrkja innan tegundarinnar. Til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir þessu magni skulu aðildarríkin krefjast þess að framleiðendur tilkynni um það magn af varðveisluyrkjum sem þeir hyggjast framleiða og skulu þau úthluta magninu til framleiðenda.
- 9) Rekjanleiki fræs og útsæðiskartaflna skal tryggður með viðeigandi kröfum um lokun og merkingar.
- 10) Til þess að tryggja að reglunum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sé beitt á réttan hátt skal fylgjast með fræuppskeru, gera prófanir á fræjum og gera opinbera eftirkönnun. Birgjar skulu gefa aðildarríkjunum skýrslu, og aðildarríkin framkvæmdastjórninni, um það magn af fræi af varðveisluyrkjum sem sett er á markað.
- 11) Eftir þrjú ár skal framkvæmdastjórnin meta hvort ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, einkum þau ákvæði sem snerta magntakmarkanir, eru árangursríkar.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

## EFNI OG SKILGREININGAR

## I. gr.

## Efni

1. Að því er varðar nytjajurtir í landbúnaði, sem falla undir tilskipanir 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB, er í þessari tilskipun mælt fyrir um sértækar undanþágur í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðaauðlinda plantna með ræktun og markaðssetningu:
- a) vegna samþykkis fyrir upptöku í landsskrár yfir yrki af tegundum nytjajurta í landbúnaði, eins og kveðið er á um í tilskipun 2002/53/EB, staðaryrki og yrki sem eru náttúrulega aðlöguð stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar,

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/48/EB (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 29).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 108, 5.5.2000, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 920/2007 (Stjtið. ESB L 201, 2.8.2007, bls. 3).

- b) vegna markaðssetningar fræs og útsæðiskartaflna slíkra staðaryrkja og yrkja.

2. Tilskipanir 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/53/EB, 2002/54/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB gilda, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „varðveisla á upprunastað“: varðveisla erfðaefnis í sínu náttúrulega umhverfi og, ef um er að ræða ræktaðar plöntutegundir, á því ræktunarsvæði þar sem sérstakir eiginleikar þeirra hafa þróast,
- b) „erfðatæring“: erfðafræðilegur fjölbreytileiki á milli stofna eða yrkja sömu tegundar og innan þeirra tapast með tímanum eða erfðagrunnur tegundar rýrnar vegna mannlegrar íhlutunar eða umhverfisbreytinga,
- c) „staðaryrki“: safn stofna eða klóna plöntutegundar sem eru náttúrulega aðlöguð umhverfisaðstæðum á sínu svæði,
- d) „fræ“: fræ og útsæðiskartöflur nema útsæðiskartöflur séu skilmerkilega undanskildar.

II. KAFLI

**SAMBYKKI FYRIR VARÐVEISLUYRKJUM**

3. gr.

**Varðveisluyrki**

Aðildarríkjnum er heimilt að taka inn í landsskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði þau staðaryrki og yrki sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. með fyrirvara um kröfurnar sem kveðið er á um í 4. og 5. gr. Í sameiginlegri skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði skal vísa til slíkra staðaryrkja eða yrkja sem „varðveisluyrkja“.

4. gr.

**Efnislegar kröfur**

1. Til þess að hljóta samþykki sem varðveisluyrki skal staðaryrki eða yrki, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., skipta máli í tengslum við varðveislu á erfðaauðlindum plantna.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/90/EB er aðildarríkjnum heimilt að samþykka eigin ákvæði að því er varðar aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni varðveisluyrkja.

Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin tryggja að a.m.k. þau einkenni eigi við, að því er varðar aðgreinanleika og stöðugleika, sem um getur í:

- a) tæknilegu spurningalistunum sem tengjast aðferðarlýsingum prófana frá skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO), tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2003/90/EB, sem eiga við um þessar tegundir eða
- b) tæknilegu spurningalistunum í viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV), tilgreindar í II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB, sem eiga við um þessar tegundir.

Tilskipun 2003/90/EB gildir að því er varðar mat á einsleitni.

Ef einsleitni er ákvörðuð á grundvelli fráviksgerða skal þó nota 10% þýðisstaðal og a.m.k. 90% samþykkislíkur.

5. gr.

**Kröfur um málsmeðferð**

Þrátt fyrir fyrsta málslið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/53/EB skal ekki gerð krafa um opinbera athugun ef eftirfarandi upplýsingar nægja til þess að hægt sé að taka ákvörðun um að samþykka varðveisluyrkin:

- a) lýsing á varðveisluyrkinu og heiti þess,
- b) niðurstöður óopinberra prófana,
- c) þekking, sem hefur fengist með reynslu af ræktun, æxlu og notkun, sem umsækjandi hefur tilkynnt til viðkomandi aðildarríkis,
- d) aðrar upplýsingar, einkum frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni.

## 6. gr.

**Samþykki hafnað**

Ekki skal samþykkja að taka varðveisluyrki inn í landsskrá yfir yrki ef:

- a) það er þegar skráð sem yrki, annað en varðveisluyrki, í sameiginlegu skrána yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða það hefur verið fellt úr sameiginlegu skránni á næstliðnum tveimur árum eða innan tveggja ára frá lokum þess tímabils sem var veitt skv. 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2002/53/EB eða
- b) það nýtur verndar samkvæmt plöntuyrkisrétti Bandalagsins eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 <sup>(1)</sup> eða samkvæmt landsbundnum plöntuyrkisrétti eða ef umsókn um slíkan rétt bíður afgreiðslu.

## 7. gr.

**Heiti**

1. Að því er varðar heiti varðveisluyrkja, sem voru þekkt fyrir 25. maí 2000, er aðildarríkjunum heimilt að veita undanþágur frá reglugerð (EB) nr. 930/2000 nema slíkar undanþágur brjóti gegn eldri réttindum þriðja aðila sem nýtur verndar skv. 2. gr. þeirrar reglugerðar.
2. Þrátt fyrir 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2000/53/EB mega aðildarríkin samþykkja fleiri en eitt heiti á yrki ef viðkomandi heiti eru sögulega þekkt.

## 8. gr.

**Upprunahérað**

1. Þegar aðildarríki samþykkir varðveisluyrki skal það tilgreina svæðið eða svæðin þar sem hefð er fyrir því að rækta yrkið og þar sem náttúruleg aðlögun þess hefur orðið, hér á eftir nefnt „upprunahérað“. Það skal taka tillit til upplýsinga frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni.

Ef upprunahéraðið liggur í fleiri en einu aðildarríki skulu öll hlutaðeigandi aðildarríki koma sér saman um auðkenni þess.

2. Aðildarríkið eða aðildarríkin, sem sjá um að auðkenna upprunahéraðið, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um auðkennda héraðið.

## 9. gr.

**Varðveisla**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að varðveisluyrki sé viðhaldið á upprunasvæði sínu.

## III. KAFLI

**FRAMLEIÐSLA OG MARKAÐSSETNING FRÆS**

## 10. gr.

**Vottun**

1. Þrátt fyrir kröfur um vottun, sem kveðið er á um í 3. gr. (1. mgr.) tilskipunar 66/401/EBE, 3. gr. (1. mgr.) tilskipunar 66/402/EBE, 3. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2002/54/EB, 3. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2002/56/EB og 3. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2002/57/EB, mega aðildarríkin kveða á um að heimilt sé að markaðssetja fræ varðveisluyrkis ef það uppfyllir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Fræið skal eiga rætur að rekja til fræs sem er framleitt í samræmi við vel skilgreindar reglur um viðhald yrkis.

3. Fræið, að undanskildu fræi *Oryza sativa*, skal uppfylla kröfur um vottun á vottuðu fræi eins og kveðið er á um í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB, að undanskildum kröfum er varða lágmarkshreinleika yrkis og kröfum er varða opinbera athugun eða athugun undir opinberu eftirliti.

Fræ af *Oryza sativa* skal uppfylla kröfur um „vottað fræ af öðrum ættlið“ (second generation), eins og kveðið er á um í tilskipun 66/402/EBE, að undanskildum kröfum er varða lágmarkshreinleika yrkis og kröfum er varða opinbera athugun eða athugun undir opinberu eftirliti.

Fræið skal hafa til að bera nægilegan hreinleika yrkis.

4. Aðildarríkjunum er heimilt, að því er varðar útsæðis-kartöflur, að kveða á um að 10. gr. tilskipunar 2002/56/EB skuli ekki eiga við um stærð.

## 11. gr.

**Framleiðslusvæði**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ varðveisluyrkis sé einungis framleitt á upprunasvæði þess.

(<sup>1</sup>) Stjótið. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1.

Ef ekki reynist unnt að uppfylla skilyrðin, sem kveðið er á um í 3. mgr. 10. gr., fyrir vottun á þessu svæði vegna sérstaks umhverfisvanda er aðildarríkjnum heimilt að samþykkja viðbótarhéruð fyrir fræframleiðslu, að teknu tilliti til upplýsinga frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaaudlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni. Fræ, sem er framleitt í þessum viðbótarhéruðum, má þó eingöngu nota í upprunahéraðinu.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjnum um viðbótarsvæðin sem þau hyggjast samþykkja til fræframleiðslu skv. 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjnum er heimilt að fara þess á leit, innan 20 virkra daga frá móttöku þessara tilkynninga, að málinu verði vísað til fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt. Taka skal ákvörðun í samræmi við 22. gr. a (b-liður 1. mgr.) í tilskipun 66/401/EBE, 22. gr. a (b-liður 1. mgr.) í tilskipun 66/402/EBE, 4. gr. (6. mgr.), 20. gr. (2. mgr.) og 21. gr. í tilskipun 2002/53/EB, 30. gr. (b-liður 1. mgr.) í tilskipun 2002/54/EB, 10. gr. (1. mgr.) og 27. gr. (b-liður 1. mgr.) í tilskipun 2002/56/EB og 27. gr. (b-liður 1. mgr.) í tilskipun 2002/57/EB, eftir því sem við á, til að mæla fyrir um, ef nauðsyn krefur, takmarkanir vegna eða skilyrði fyrir tilnefningu slíkra svæða.

Ef hvorki framkvæmdastjórnin né önnur aðildarríki leggja fram beiðni samkvæmt annarri undirgrein er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að viðurkenna viðbótarsvæðin til fræframleiðslu eins og tilkynnt var um.

#### 12. gr.

##### Fræprófun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gerðar séu prófanir til að kanna hvort fræ varðveisluyrkja uppfylli vottunarkröfumar sem kveðið er á um í 3. mgr. 10. gr.

Slíkar prófanir skulu fara fram í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir eða, ef slíkar aðferðir eru ekki fyrir hendi, í samræmi við viðeigandi aðferðir.

2. Að því er varðar prófanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríkin sjá til þess að sýnin séu tekin úr einsleitum framleiðslueiningum. Þau skulu sjá til þess að reglum um þyngd framleiðslueininga og sýna, sem kveðið er á um í 7. gr. (2. mgr.) tilskipunar 66/401/EBE, 7. gr. (2. mgr.) tilskipunar 66/402/EBE, 9. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2002/54/EB og 9. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2002/57/EB, sé fylgt.

#### 13. gr.

##### Skilyrði fyrir markaðssetningu

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ varðveisluyrkis megi einungis setja á markað með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) það var framleitt á upprunasvæði eða á svæði sem um getur í 11. gr.,

b) það er sett á markað á upprunasvæði.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. er aðildarríki heimilt að samþykkja viðbótarsvæði á eigin yfirráðasvæði til að setja fræ varðveisluyrkis á markað, að því tilskildu að svæðin séu sambærileg upprunasvæðinu að því er varðar ósnortið og lítt snortið land umrædds yrkis.

Ef aðildarríkin samþykkja slík viðbótarsvæði skulu þau sjá til þess að það magn fræs sem er nauðsynlegt til að framleiða a.m.k. það fræmagn sem um getur í 14. gr. sé frátekið fyrir varðveislu yrkisins á upprunasvæði þess.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjnum um samþykki fyrir slíkum viðbótarsvæðum.

3. Ef aðildarríki samþykkir viðbótarhéruð til fræframleiðslu í samræmi við 11. gr. skal það ekki nota undanþáguna sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.

#### 14. gr.

##### Magntakmarkanir

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að fyrir hvert varðveisluyrkis fari það magn fræs, sem er markaðssett, ekki yfir 0,5% af því fræi af sömu tegund sem notuð er í því aðildarríki á einu ræktunartímabili eða það magn sem nauðsynlegt er til að sá í 100 hektara, eftir því hvort magnið er meira. Að því er varðar tegundirnar *Pisum sativum*, *Triticum spp.*, *Hordeum vulgare*, *Zea mays*, *Solanum tuberosum*, *Brassica napus* og *Helianthus annuus* skal þessi prósentu ekki vera hærrí en 0,3% eða það magn sem nauðsynlegt er til að sá í 100 hektara, eftir því hvort magnið er meira.

Hins vegar skal heildarfræmagn varðveisluyrkja, sem sett er á markað í hverju aðildarríki, ekki fara yfir 10% af fræi viðkomandi tegundar sem notað er árlega í aðildarríkinu. Í tilvikum þar sem þetta leiðir til þess að magnið verður minna en það magn sem þarf til að sá í 100 hektara er heimilt að auka hámarksfræmagn viðkomandi tegundar, sem notað er árlega í aðildarríkinu, til að ná því magni sem þarf til að sá í 100 hektara.

*15. gr.***Beiting magntakmarkana**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur tilkynni þeim um stærð og legu svæðisins, sem ætlað er fyrir fræframleiðsluna, áður en hvert framleiðsluskeið hefst.

2. Ef líklegt er, á grundvelli tilkynninganna sem um getur í 1. mgr., að farið verði yfir magnið, sem mælt er fyrir um í 14. gr., skulu aðildarríkin úthluta hverjum hlutaðeigandi framleiðanda því magni sem hann má setja á markað á viðkomandi framleiðsluskeiði.

*16. gr.***Eftirlit með fræuppskeru**

Aðildarríkin skulu sjá til þess með opinberu eftirliti að fræuppskera varðveisluyrkja uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar og gefa sérstakan gaum að yrki, legu fræframleiðslustaðar og magni.

*17. gr.***Lokun þakkinga og íláta**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ varðveisluyrkja megi eingöngu setja á markað í lokuðum umbúðum eða ílátum með lokunarbúnaði.

2. Birgirinn skal loka fræþakkingum og -ílátum þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þau eru opnuð eða ummerki sjáist annaðhvort á merkimiða birgisins eða á þakkingunni eða ílátinu.

3. Til að tryggja að umbúðir séu lokaðar í samræmi við 2. mgr. skal vera a.m.k. merkimiði eða innsigli á lokunarbúnaðinum.

*18. gr.***Merking**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þakkingum eða ílátum með fræi varðveisluyrkja sé merkimiði birgis eða prentuð eða stimpluð tilkynning þar sem koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) orðin „EB-reglur og -staðlar“,
- b) nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á að festa merkimiðana á eða auðkenni hans,
- c) árið þegar umbúðunum er lokað, gefið upp sem : „lokað...“ (ár) eða, nema um sé að ræða útsæðiskartöflur, það ár þegar síðasta sýnataka fór fram til þess að kanna síðast spírunar hæfni, gefið upp sem: „sýni tekið...“ (ár),

d) tegund,

e) heiti varðveisluyrkisins,

f) orðið „varðveisluyrki“,

g) upprunasvæði,

h) ef fræframleiðslusvæði er annað en upprunasvæði, tilgreining á fræframleiðslusvæði,

i) tilvísunarnúmer framleiðslueiningarinnar, gefið upp af aðila sem ber ábyrgð á því að festa merkimiðana á,

j) uppgæfin nettó- eða brúttóþyngd eða, nema um sé að ræða útsæðiskartöflur, uppgæfinn fjöldi fræja,

k) tegund efnafræðilegrar meðhöndlunar eða aukefnis og einnig áætlað hlutfall milli þyngdar klasa hreinna fræja og heildarþyngdar þegar þyngd er tilgreind, nema þegar um er að ræða útsæðiskartöflur, og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.

*19. gr.***Opinber eftirkönnun**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ falli undir opinbera eftirkönnun, sem felst í slembisköðunum, til að sannprófa auðkenni yrkisins og hreinleika þess.

*IV. KAFLI***ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI***20. gr.***Skýrslugjöf**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að birgjar, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, gefi skýrslu fyrir hvert framleiðsluskeið yfir það magn af fræi af hverju varðveisluyrki sem sett er á markað.

Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna, gefa skýrslu yfir það magn af fræi af hverju varðveisluyrki sem sett er á markað á yfirráðasvæði þeirra.

*21. gr.***Tilkynning um viðurkenndar stofnanir í tengslum við erfðauðlindir plantna**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um viðurkenndu stofnanirnar sem um getur í 5. gr. (d-liður), 8. gr. (1. mgr.) og 11. gr. (1. mgr.).

22. gr.

**Mat**

Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á framkvæmd 4. gr., 13. gr. (2. mgr.), 14. og 15. gr. eigi síðar en 31. desember 2011.

23. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

24. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

25. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júní 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*